

Sb.

168. Tillaga til þingsályktunar

[120. mál]

um, að Síldarverksmiðjur ríkisins byggji og starfræki verksmiðju á Snæfellsnesi.

Flm.: Ásgeir Bjarnason, Friðjón Þórðarson, Skúli Alexandersson, Jón Árnason, Halldór E. Sigurðsson, Benedikt Gröndal.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að fela stjórn Síldarverksmiðja ríkisins að hefja nú þegar undirbúning að því að byggja og starfrækja verksmiðju á Snæfellsnesi, er unnið geti feitan fisk og fiskúrgang.

Greinargerð.

Á svæðinu frá Akranesi til Patreksfjarðar er engin fiskmjölsverksmiðja, sem getur unnið feitan fisk eða fiskúrgang (sild, loðnu, karfa). Fiskmjölsverksmiðjur, sem til eru á Hellissandi, Ólafsvík, Grundarfirði og Stykkishólmi, geta ekki unnið feitan fisk. Þessar verksmiðjur eru sumar mjög lélegar og er líklegt að innan tíðar verði þær að hætta starfrækslu.

Á árinu stofnuðu fiskframleiðendur á Ólafsvík, Rífi og Hellissandi hlutafélag, Nesmjöl hf. Hugmyndin var að það hlutafélag stæði fyrir byggingu loðnu- eða síldarverksmiðju á utanverðu Snæfellsnesi. Verksmiðja þessi átti einnig að taka við fiskúrgangi frá Rífi, Ólafsvík og Hellissandi. Eigendur gömlu fiskmjölsverksmiðjanna í Ólafsvík og Hellissandi voru þátttakendur í þessu hlutafélagi. Félagið hefur látið fara fram verkfræði- og kostnaðarathugun á byggingu verksmiðju og hefur sú athugun farið fram á vegum Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens sf.

Komið hefur í ljós að Nesmjöl hf. er ofviða fjárhagslega að byggja verksmiðju nú, og hefur félagið horfið frá framkvæmdaáætlunum um sinn.

Það er þjóðhagsleg nauðsyn að byggð sé verksmiðja, sem getur unnið feitan fisk og fiskúrgang á Snæfellsnesi. Jafnan veiðist drjúgur hluti loðnuafllans við Snæfellsnes og á Breiðafirði, á 6. og 7. veiðisvæði skv. skilgreiningu loðnunefndar (sjá fylgiskjal). Snæfellsnes er eini landshlutinn sem liggur að loðnuveiðisvæðum þar sem engin loðnuverksmiðja er til.

Það er því mikil nauðsyn fyrir loðnuskipin að byggð verði loðnuverksmiðja á Snæfellsnesi. Hraðfrystihúsin á Snæfellsnesi geta ekki hraðfryst loðnu til útflutnings meðan ekki er fyrir hendi verksmiðja sem unnið getur þann hluta loðnunnar, sem ekki nýtist til frystingar. Bygging verksmiðju mundi því skapa möguleika á aukinni framleiðslu á loðnu til manneðis og þar með aukinni verðmætisöflun og um leið skapa hraðfrystihúsunum á Snæfellsnesi bættan rekstrargrundvöll.

Hraðfrystihúsin á Snæfellsnesi geta ekki heldur unnið karfa, þar sem fiskmjölsverksmiðjur sem fyrir eru geta ekki unnið karfabein sökum fitu. Hér er um mjög alvarlegan þátt að ræða viðvíkjandi rekstri frystihúsanna, ekki síst ef togaraafli eykst í hráefnisöflun þeirra, svo sem gera verður ráð fyrir.

Fiskmjölsverksmiðjurnar á Hellissandi og í Ólafsvík eru mjög lélegar og þær verður að endurbyggja innan mjög stutts tíma. Verksmiðja sú, sem hér er lagt til að byggð yrði, gæti tekið við starfsemi þeirra.

Svo virðist að félög eða einstaklingar á Snæfellsnesi hafi ekki bolmagn til að fara út í byggingu verksmiðju þeirrar, sem hér er lagt til að Sildarverksmiðjur ríkisins byggji. Flutningsmenn tillögunnar líta svo á, að slíka verksmiðju þurfi að starfrækja á Snæfellsnesi, og telja að rétti aðilinn til að byggja og starfrækja þá verksmiðju séu Sildarverksmiðjur ríkisins.

Fylgiskjal.

Úr bæklingnum LOÐNUVEIÐARNAR 1974.

Skipting heildarafla eftir veiðisvæðum 1973.

Tímabil	1. sv.	2. sv.	3. sv.	4. sv.	5. sv.	6. sv.	7. sv.	Samtals tonn
7.1.—13.1.	64							64
14.1.—20.1.	684							684
21.1.—27.1.	10 649							10 649
28.1.— 3.2.	33 705							33 705
4.2.—10.2.	42 076							42 076
11.2.—17.2.	3 344	21 545						24 889
18.2.—24.2.	2 933	18 609	29 280					50 822
25.2.— 3.3.	195	3 253	9 047	25 665	20 906			59 066
4.3.—10.3.		8 480	18 993	145	1 010	40 494		69 122
11.3.—17.3.	1 893	6 662	17 443	9 602	2 854	11 587	9 275	59 316
18.3.—24.3.		736	13 535	11 589	8 939	1 842	1 888	38 529
25.3.—31.3.		574	192	1 328	3 803	7 711	5 522	19 130
1.4.— 7.4.				62	7 099	1 929	9 404	18 494
8.4.—14.4.		433	1 426	127		1 006	9 059	12 051
15.4.—21.4.	73	1 158	442	408			247	2 328
Samtals tonn	95 616	61 450	90 358	48 926	44 611	64 596	35 395	440 925

Skipting heildarafla eftir veiðisvæðum 1974.

Tímabil	1. sv.	2. sv.	3. sv.	4. sv.	5. sv.	6. sv.	7. sv.	Samtals tonn
13.1.—19.1.	4 740							4 740
20.1.—26.1.	21 540	28 075						49 615
27.1.— 2.2.	1 755	53 777	263					55 795
3.2.— 9.2.		20 265	16 412	24 770	16 316	35		77 798
10.2.—16.2.		693	23 479	26 717	10 258	239	11	61 397
17.2.—23.2.		26 744	1 179	4 983	18 093	20 566	675	72 240
24.2.— 2.3.	29	12 213	3 854	2 087	1 686	5 925	600	26 394
3.3.— 9.3.		147	2 093	1 885	16	1 112	8 616	13 869
10.3.—16.3.			391	105	480	15 480	18 772	35 228
17.3.—23.3.				451	139	40 549	12 390	53 529
24.3.—30.3.						7 364	2 073	9 437
31.3.— 6.4.		89				1 592	139	1 820
Samtals tonn	28 064	142 003	47 671	60 998	46 988	92 862	43 276	461 862